

Sp.

607. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til að tryggja framleiðslu á landbúnaðarafurðum handa landsmönnum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Ísleifur Högnason, Jóhannes Jónasson.

Til þess að tryggja það, svo sem kostur er, að hagnýttir verði til hins ýtrasta þeir möguleikar, sem fyrir hendi eru til framleiðslu á íslenskum landbúnaðarafurðum, og að landsmenn sjálfir geti notið þeirra, skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gera eftirfarandi ráðstafanir og leggja þar að lútandi tillögur fyrir Alþingi:

1. Að leggja fram fé úr ríkissjóði til þess að hægt sé að greiða kaup um heyskapartímann í sveitum landsins, sem er fyllilega samkeppnisfært við það kaup, sem brezka setuliðið greiðir.
2. Að styrk þeim, sem á þennan hátt er veittur landbúnaðinum, verði varið til að lækka útsöluverð á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði og bæta upp verðið til bænda.
3. Að koma á skómmtun á þeim landbúnaðarafurðum, sem hætta er á, að ekki verði nægilegt á boðstólum af á innlendum markaði, enda sé dreifing þeirra skipulögð með það fyrir augum að tryggja til fullnustu, að landsmenn geti notið þeirra.

Greinargerð.

Ekki þarf neinum blöðum um það að fletta, að miklir örðugleikar verða á því að halda landbúnaðarframleiðslunni í horfinu í sumar, vegna samkeppni brezka setuliðsins um vinnuaflíð. Er þetta hinn mesti háski fyrir þjóð vora. Aðflutningur frá öðrum löndum en Ameríku má heita stöðvaður og ástandið svo alvarlegt, að gera verður ráð fyrir, að þessi samgönguleið geti einnig teppzt áður en varir. Það er því heinlínis lífsspursmál fyrir þjóðina, að land hennar verði nýttjað svo sem frekast er unnt, og að landsmenn sjálfir tryggi sér afnotin af gæðum þess.

Enda þótt tekizt hafi að fullnægja eftirspurn bænda eftir fólki nokkru greiðar en húizt var við, með því að draga mjög úr opinberum framkvæmdum, dugir ekki að láta þar við sitja. Það þarf að gera gagngerðar ráðstafanir til að auka landbúnaðarframleiðsluna, án þess að það verði á kostnað annarra nýtsamra verka í landinu.

Ráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin og blöð hennar hafa verið að fitja upp á, koma ekki að notum, auk þess sem þau úrræði eru af þeim toga, að þau myndu með réttu verða fordæmd af alþjóð. Ríkisstjórnin hefur tilkynnt, að hún hafi samið við stjórn brezka setuliðsins um fækkun í Bretavinnunni, til þess að losa vinnuafli til íslenzkrar framleiðslu. Ef ríkisstjórnin hefði haft hag fólksins í landinu fyrir augum, myndi hún hafa auglýst eftir ákveðnum fjölda verkamanna til tiltekinna starfa, þar sem þeir hefðu átt kost á að njóta sömu kjara og í þeirri vinnu, sem þeir hverfa frá. Hefðu verkamennirnir þá ekki þurft annað en skipta um vinnustað, án þess að missa nokkurs í. En ríkisstjórnin fer aðra leið. Með samningum sínum við stjórn brezka setuliðsins er hún beinlínis að skapa tilbúið atvinnuleysi til þess að fá aðstoðu til að bjóða niður kaupíð. Úr því atvinnuleysið kemur ekki af sjálfu sér, telur ríkisstjórnin það hlutverk sitt að búa það til.

Það er nú þegar fengin nokkur reynsla fyrir því, hvernig þessi fækkun í vinnunni hjá setuliðinu er framkvæmd. Menn, sem eru róttækir í skoðunum, eru valdir úr og þeim sagt upp; tækifærið notað til pólitískra ofsókna. Hér hljóta íslenzkir njósnarar að vera til aðstoðar. Allt eru þetta bæjarmenn, nær undantekningarlaust, sem sagt er upp, en aðkomumenn úr sveitum eru kyrrir í vinnunni. Varla getur það orðið til að glæða framleiðsluna í landbúnaðinum, að vanir menn séu fjarvistum við miður nytsöm verk, en óvanir menn úr bæjum og kaupstöðum fari upp í sveitirnar í stað þeirra.

Svipað er að segja um þá tillögu, sem sett hefur verið fram í stjórnarblöðunum, að leggja á almennan launaskatt. Tillaga þessi er ærið hjákátleg, þegar nýbúið er að ganga frá almennum skattalögum. En tilgangur hennar er auðsær. Hún er hugsuð sem aðferð til að koma á almennri kauplækkun. Löggjöf, sem fæli í sér slíkan launaskatt, væri ekki annað en ný kaupþvingunarlög á borð við gengisskráningarlögin frá 1939. Ekki væri hægt að halda því fram, að slík ráðstöfun væri nauðsynleg til að afla fjár, á sama tíma sem stríðsgróði í tugmilljónatali hefur streymt inn í landið, mörgum milljónum er varið á mánuði hverjum til framkvæmda, sem enginn Íslendingur hefur minnstu not af, og 12 milljónir króna eru lagðar til hliðar í gjaldeyrisvarasjóð, engum til gagns. Þarna getur aðeins eitt þjóðhagslegt sjónarmið komið til greina, og það er sjónarmið fámennrar auðmannastéttar, sem vill styrkja þær stöðir, sem auðvaldsskipulagið hvílir á, en þær eru: atvinnuleysi, lágt kaup og þröngur kostur allrar alþýðu.

Talsverðir örðugleikar hljóta óhjálpsamlega að verða á því að framkvæma þær ráðstafanir, sem taldar eru í þingsályktunartillögu þessari, svo að tilgangi þeirra verði náð. Vaknar þá fyrst sú spurning, hver skipun skuli höfð til þess, að þessi aðstoð við landbúnaðinn geti orðið til þess að lækka útsöluverðið á landbúnaðarafurðum, sem nú hækkar svo ört, að til vandræða horfir. Jafnframt verður að tryggja það, að aðstoð þessi komi réttlátlega niður meðal bænda, en það myndi hafa í för með sér hið mesta ranglæti og kemur því ekki til mála, að stórbændur, sem hafa mikið aðkeypt vinnuafli, fengju styrk til fólkshalds, án þess að full endurgreiðsla kæmi á móti. Við viljum benda á eftirfarandi leið:

Styrkur sá, sem veittur er til kaupjöfnunar, endurgreiðist í afurðum til mjólkurbúa og sláturhúsa, samkvæmt reglum, sem þar um yrðu settar, enda yrði jafnframt tryggt, að öllum markaðshæfum afurðum bænda, sem þeir vilja láta af hendi, yrði veitt viðtaka. Endurgreiðslu þessari verði svo varið til þess að lækka útsöluverðið á landbúnaðarafurðum og til þess að bæta upp verðið til bænda almennt. Eðlilegast og æskilegast væri, að efnaminustu bændurnir slyppu að öllu eða nokkru leyti við þessa endurgreiðslu, ef það væri framkvæmanlegt, án þess að misnotað yrði í stórum stíl, eins og stjórnarfarið er nú í landinu. Gæti þá komið til greina, að ákveðin aðstoð til kaupjöfnunar væri því aðeins endurkræf, að bóndi hefði eitthvert ákveðið lágmark af búsafurðum til sölu fram yfir heimilisþarfir.

Kostnaður við þessa ráðstöfun myndi sennilega varla verða mikið yfir 1 millj. króna. Er hér um að ræða mjög lítinn hluta þeirrar upphæðar, sem fæst með því að

skattleggja stríðsgróðann, og yrði honum varla betur varið en til að vinna gegn dýrtíðinni.

Þessi ráðstöfun, sem gerð yrði til þess að tryggja matvælaframleiðslu landsins á hinum háskalegustu tímum, myndi í senn verða til mikilla hagsmuna fyrir bændur og neytendur. Jafnframt því, sem útsöluverðið á þessum vörum gæti orðið stórum lægra en ella vegna þessara aðgerða, myndi verða hægt að greiða bændum mun betra verð fyrir vörur sínar, ekki sízt vegna vaxandi kaupgetu og eftirspurnar í bæjunum, þar sem kaupgetan, að því er matvæli snertir, myndi að langmestu leyti beinast að þeim afurðum, sem framleiddar eru í sveitum landsins.

Þriðji liður tillögunnar fjallar um skömmtnun á landbúnaðarafurðum þeim, sem þörf er á að skammta. Nú er svo komið, að heita má, að egg, smjör og kálmeti sjáist ekki lengur á borðum Íslendinga. Með fullkominni skömmtnun má tryggja það, að íslenzkur almenningur geti orðið þeirra matvæla aðnjótandi, sem framleidd eru í landinu.

Til þess að þetta komi að fullum notum verður að koma á sliku eftirliti með framleiðslu og dreifingu landbúnaðarvara, að tryggt verði, svo sem frekast er unnt, að landsmenn sitji fyrir um kaup á þessum vörum og að þær gangi aðeins í gegnum hendur þeirra aðila, sem ábyrgir eru fyrir dreifingu þeirra, eftir settum reglum.